



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 91. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á fjarfundi, 4. febrúar 2021, kl. 13:00.**

### Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Friðrik Jónas Friðriksson, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Hjördís Skírnisdóttir, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,  
Laufey Guðmundsdóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu,  
Sigríður Arna Arnþórsdóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarfélaga,  
Snævarr Guðmundsson, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka,  
Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði,  
Hrafnhildur Ævarsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Skaftafell,  
Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn.

### 1. Vakinn - gæðaviðmið vegna íshellaferða - 2012021

Umræður um Vakann - framhald frá síðasta fundi.

*Áframhaldandi umræður um Vakann.*

*Fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu lagði fram eftirfarandi bókun: Vakinn getur ekki aðskilið starfsemi fyrirtækja vegna fjárskorts að sögn fulltrúa Vakans, þannig að fyrirtæki með fjölbreytta starfsemi eru nauðbeygð að vera með alla sína starfsemi vottaða. Starfsemi sem aldrei kemur nálægt þjóðgarðinum, t.d. gisting á bæjum í tuga kílómetra fjarlægð frá þjóðgarði, skólaakstur með börn úr dreifbýli, bifreiðaverkstæði, tamningar og fleira má telja. Einnig er úttekt á ákveðnum þáttum verulega ábótavant. Þetta eru afar fjárfrekar vottanir á starfsemi á ekkert skylt við þjóðgarðinn, við þetta verður ekki unað og er stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hvött til að fara umsvifalaust fram á úrbætur á þessu og fella niður kröfu um gæðastýringu þar til úrbætur hafa verið gerðar.*

*Fulltrúi Samtaka útivistarfélaga spurði um tjaldsvæði þjóðgarðsins í Skaftafelli og Vakann. Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar (HÆ) fór yfir ástæður þess að þjóðgarðurinn sé ekki í stakk búinn til þess að innleiða gæðaviðmið Vakans í rekstur tjaldsvæðisins. Með nýju deiliskipulagi er möguleiki á því að gera betur. Verkefnið er stórt og nauðsynlegt er að fara í miklar breytingar. Stefnt er að því að tjaldsvæðið í Skaftafelli hefji innleiðingu Vakans vorið 2022.*

*Svæðisráð hvetur Vakann til þess að heimila það að hægt verði að fá vottun á ákveðna hluta rekstursins. Vatnajökulsþjóðgarður er með vottun Vakans fyrir gestastofur þjóðgarðsins, en ekki tjaldsvæði og skála í umsjón garðsins.*

### 2. Bréf frá starfsmönnum í Skaftafelli og Breiðamerkursandi - 2012018

Fyrir fundinum lá erindi frá starfsmönnum í Skaftafelli og á Breiðamerkursandi um húsnæðismál í Skaftafelli.

*Svæðisráð þakkar fyrir bréfið og tekur undir áhyggjur starfsmanna um húsnæðismál. Húsnæðismál eru hluti af framtíðarsýn og stefnumótun sem verið er að vinna fyrir Skaftafell. Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að finna lausn á mönnun þegar yfirmenn eru í leyfi.*

### **3. Vatnajökulsþjóðgarður - Fundarsköp og starfsreglur - 2101008**

Fyrir fundinum lá ósk frá formanni um umræðu um fundarsköp.

*Formaður vakti athygli á siðareglum stjórnarmanna og svæðisráðsfulltrúa og starfsreglum stjórnar sem finna má á vefsíðu þjóðgarðsins. Formaður lagði jafnframt til að farið verði yfir fundargerð í lok fundar og hún svo send út til staðfestingar. Frekari umræðum frestað til næsta fundar.*

### **4. FASK - Heimsmarkmið SP - 2102004**

Fyrir fundinum lágu hugmyndir Ferðamálafélags Austur Skaftafellssýslu um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í starfsemi meðlima félagsins og hugsanleg tengsl við starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs.

*Fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu kynnti hugmyndir félagsins um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í starfsemi meðlima félagsins. Þjóðgarðsvörður kynnti einnig vinnu þjóðgarðsins í tengslum við heimsmarkmiðin. Þá vinnu er hægt að sjá á vefsíðu þjóðgarðsins. Svæðisráð er jákvætt fyrir samstarfi við FASK um innleiðingu heimsmarkmiðanna.*

### **5. FASK - Ósk um sameiginlegan fund vegna atvinnustefnu - 2102005**

Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu hefur óskað eftir sameiginlegum upplýsingafundi með ferðapjónustuaðilum, Vatnajökulsþjóðgarði, Ríki Vatnajökuls og Sveitarfélaginu Hornafirði vegna úthlutunar leyfa í Vatnajökulsþjóðgarði og gæðaviðmiða Vakans.

*Svæðisráð er jákvætt fyrir því að umbeðinn fundur verði haldinn. Svæðisráð leggur til að fundurinn verði haldinn 18. febrúar n.k. í samræmi við gildandi samkomutakmarkanir.*

### **6. South East - erindi vegna íshellaferða - 2102008**

Fyrir fundinum lá erindi frá rekstraraðilum 9 fyrirtækja í rekstri íshellaferða vegna veitingu leyfa til íshellaferða.

*Svæðisráð fór yfir efni bréfsins. Þjóðgarðsverði falið að svara bréfinu í samræmi við umræður á fundinum.*

### **7. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031**

Fyrir fundinum lágu niðurstöður stýrihóps um framtíðarsýn fyrir Skaftafell.

#### **Gestir**

Gunnlaugur Róbertsson - 14:05

Helga Árnadóttir - 14:05

Árni Geirsson - 14:05

Herborg Árnadóttir - 14:05

*Stýrihópur um framtíðarsýn í Skaftafelli kynnti vinnu sína og valkostagreiningu um framtíð Skaftafells. Svæðisráð stefnir á heimsókn í Skaftafell í mars og hvetur stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs til að slást í hópinn svo hægt sé að taka upplýstar ákvarðanir. Jafnframt er formanni svæðisráðs falið að óska eftir samtali við bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar um málið í samræmi við umræður á fundinum.*

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Óskar Jónsson, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

Fundi slitið kl. 15:40.